

Námskrá 1. bekkur

Náttúru- og samfélagsgreinar

Náttúru – og samfélagsgreinar eru að mestu leyti unnar í samþættri vinnu við aðrar námsgreinar þá sérstaklega við lestur með aðferð Byrjendalæsis og Læsisfimmu að leiðarljósi.

Nemendur geti tekið þátt í umræðum um námsefnið þegar við á.

Nemendur geti unnið eftir einföldum verkefnalýsingum.

Nemendur geti nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi.

Samþætting með öðrum námsgreinum íslensku, stærðfræði, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt.

Vinnulag: Fjölbreyttar kennsluaðferðir. Innlögn, umræður, flæði og verkefni. Leikir, spil, stöðvavinna og þrautir. Kennt er í gegnum leik og unnið í hópum, þórum og einstaklingslega auk þess sem útikennsla verður nýtt. Þemanám, ýmist unnið sem stutt verkefni eða út frá ákveðnu þema. Áhersla er á fjölbreytt vinnubrögð þar sem reynir á mismunandi færniþætti.

Námsefni: Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Tísla, Halló heimur 1

Námsmat: Leiðsagnarmat og símat. Lagðar verða fyrir kannanir. Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

Kennarar : Birna Sif Kristinsdóttir og Halldóra M. Gunnarsdóttir

Tímaáætlun: Unnið er í 4 tíma að meðaltali á viku. Hver tími er 40 mínútur.

Grunnþættir menntunar í samfélagsfræði

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• veit að heilbrigður lífstíll hefur áhrif á velferð og jákvæða sjálfsmynd, • getur unnið út frá eigin áhugasviði og styrkleikum í því skyni að auka sjálfstraust og þekkja tilfinningar sínar,

Námskrá 1. bekkur

	• tekur þátt í að miðla málum og setur sig í spor annarra, • hefur skilning á eigin tilfinningum og annarra, • eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun, • skilur þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan
Jafnrétti	• hefur jafnrétti að leiðarljósi og veit að jafnrétti er margbætt hugtak, • temur sér gagnrýna hugsun, • gerir sér grein fyrir að allir þjóðfélagsþegnar eiga að vera jafnir fyrir lögum, • áttar sig á og virðir mismunandi þjóðfélagshópa
Lýðræði og mannréttindi	• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, • tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð, • virðir mismunandi skoðanir, • þekkir réttindi sín, skyldur og ábyrgð, • veit að í lýðræðisríki eiga allir að búa við mannréttindi • hefur tamið sér jákvætt viðhorf og siðferði sem eru mikilvægir þættir í lýðræðisríki, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
Læsi	• er læs á umhverfi sitt, • er læs á öllum sviðum nútímalæsis, notar t.d. upplýsingalæsi stafrænt læsi, samskiptalæsi og tilfinningalæsi, • er virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn, • bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, • þekkir til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins, • getur lesið sér til gagns og gleði, • tjáir sig um viðfangsefni sín og notar hugtök sem tengjast því, • er læs á menningu og menningarverðmæti.
Sjálfbærni	• getur tekist á við álitamál og ágreiningsefni, • sýnir frumkvæði, sjálfstæði og tekur virkan þátt í viðfangsefnum,

Námskrá 1. bekkur

	• öðlist aukna umhverfisvitund og skilning á samspili náttúru, umhverfis. • gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa • sýnir áhuga og vilja til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu • beitir gagnrýnni hugsun og setur sig í spor annarra • tekur ábyrgð á eigin gjörðum og hegðun, • tekur þátt í að skapa samábyrgt samfélag
Sköpun	• virkjar hugmyndaflugið og nýtir það í að finna nýstárlegar lausnir, • nýtir tæknina á skapandi hátt, • nýtir hæfileika sína til að skapa afurð, • tileinkar sér gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika, • hefur færni í leikrænni túlkun, tjáningu og framsögn.

Náttúru- og Samfélagsgreinar við lok 1. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat/vitnisburður
<u>Reynsluheimur</u> <u>Umhverfi, samfélag, saga, menning:</u> <u>Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.</u> • borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi, • gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,	• Komdu og skoðaðu umhverfið • Komdu og skoðaðu líkamann, • fræðsluþættir, • Fuglarnir okkar, • Halló heimur, • umferðin, • Húsdýrin, • Tísla.	• nota umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun, • nemendur vinna para- og hópavinnu, • nota hlutverkaleiki, námsleiki og leikræna tjáningu, • söguaðferð,	Ekkert formlegt námsmat er í náttúru og samfélagsgreinum í 1. bekk.

Námskrá 1. bekkur

• sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar, • áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna, • varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu, • lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.		• vettvangsferðir á söfn, opinberar stofnanir og svo framvegis, • samþætting við aðrar greinar, • útikennsla, • myndræn vinnsla.	
<u>Hugarheimur</u> <u>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</u> • sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum, • bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.		• vinna með mismunandi námstækni, • leikræn tjáning og framsögn, • skoðanaskipti og rökræða.	
<u>Félagsheimur</u> <u>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og bróa tengsl sín við aðra.</u> • tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, • áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,		• aðferðir sem reyna á samskipti eins og bekkjarfundir, hópavinna og skoðanaskipti, • klípusögur.	

Námskrá 1. bekkur

• sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, • sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.			
---	--	--	--